

Nd.

32. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir samvinnufélagið „Tunnuverksmiðju Akureyrar“.

Flutningsm.: Guðbrandur Ísberg.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast fyrir samvinnufélagið „Tunnuverksmiðju Akureyrar“ allt að 70 þúsund króna rekstrarlán.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Síðasta Alþingi heimilaði ríkisstjórninni (sbr. fjárlög fyrir árið 1934, 22. gr. XXVII.) að ábyrgjast allt að 70 þúsund króna rekstrarlán fyrir Tunnuverksmiðju Siglufjarðar s/f. Hér er farið fram á, að stjórninni sé veitt heimild til að ábyrgjast jafnstórt rekstrarlán fyrir samskonar samvinnufélag á Akureyri, sem þar er rýstofnað. Er með þessu stefnt að því, að tunnur þær, sem landsmenn þurfa að nota, verði smíðaðar í landinu sjálfu, í stað þess að greiða erlendri þjóð, sem vér höfum litið við að virða, hundruð þúsunda króna á ári fyrir smíði þeirra. Vil ég í þessu sambandi benda á, að tunnuverksmiðjan á Akureyri getur auðveldlega smíðað 500 vandaðar tunnur á sólarhring, ef í henni vinna 40 menn. Er því hér um allverulega atvinnumöguleika að ræða fyrir verkamenn á Akureyri, þann tíma árs, sem erfiðast er að fá vinnu, því gert er ráð fyrir að stunda tunnugerðina aðeins sem vetrarvinnu. Þessi tilraun nokkurra verkamanna á Akureyri til þess að sjá sér sjálfir fyrir atvinnu harðasta tíma ársins er lofsverð, og virðist eigi orka tvímælis, að slík viðleitni eigi fulla viðurkenningu skilið af löggjafarvaldinu og alla þá hjálp, er það sér sér frekast hægt að veita.

Fylgiskjal.

Akureyri, 23. okt. 1933.

Undirrituð stjórn Samvinnufélagsins Tunnuverksmiðja Akureyrar leyfir sér hér með að leita til hins háa Alþingis um erindi það, er hér greinir:

Félag þetta er stofnað í þeim tilgangi að draga til Akureyrar til frambúðar nokkuð af þeirri atvinnu, einkum að vetri til, sem annars tapast landsmönnum við það að síldartunnurnar eru keyptar tilbúnar frá útlöndum. Nokkurt tunnu-smíði hefir átt sér stað hér í bænum á síðustu árum, fyrir tilverknað bæjarstjórnar Akureyrar. En út af því hafa spunnizt deilur og vandræði og allmjög efasamt, að bæjarstjórnin treysti sér til að halda áfram þeim atvinnurekstri.

Félagið hefir í hyggju að kaupa tunniverksmiðju þá, sem til er hér á staðnum, tilheyrandi Hjalta Espholin, ef samningar takast um verð og greiðsluskilmála, sem allar líkur eru til. En með því að félagsmenn skortir fé til þess að leggja fram nægilegt rekstrarkapital, er eigi annað fyrir hendi en að leita aðstoðar Alþingis um ríkisábyrgð til handa félaginu fyrir rekstrarláni, allt að 70000 kr., með svipuðum hætti og skilmálum og tunniverksmiðja Siglufjarðar hefir orðið aðnjótandi samkv. XXVII. lið 22. gr. fjárlaga frá síðasta Alþingi.

Vér vonum fastlega að hið háa Alþingi sjái sér fært að veita oss þessa ábyrgð, eigi síður en Tunniverksmiðjufélagi Siglufjarðar, enda virðist allt hið sama mæla með báðum þessum ábyrgðum.

Til frekari upplýsingar um málið sendum vér hér með eftirrit af lögum félagsins og stofnfundargerðinni.

Virðingarfyllst.

Karl Sigurjónsson,
formaður.

Karl Magnússon.

Friðþjófur Pétursson.

Til Alþingis.